

Endanlegir skilmálar

SIMINN240605

skuldaskjala útgefina af Símanum hf. í samræmi við 6.000.000.000 kr. útgáfuramma víxla og skuldabréfa

Útgáfuverð: 95,05508% af heildarnafnverði

Útgáfudagur: 6. desember 2023

1. útgáfa flokks

(„verðbréfin“, „skuldaskjölin“ eða „víxlarnir“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. grein reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin út í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 28. júlí 2023 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 6.000.000.000 kr. útgáfuramma Símans hf.

Grunnlýsinguna og alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við hana er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://www.siminn.is/um-simann/fjarfestar>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og víxlana með því að lesa saman grunnlýsinguna, alla hugsanlega viðauka sem kunna að vera gerðir við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 28. júlí 2023.

Hluti I: Skilmálar skuldaskjalanna

1 Útgefandi

Grein 1 gildir um skuldaskjölin.

2 Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 2 gildir um skuldaskjölin.

Útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna: ISK

Nafnverð útgáfu: 1.000.000.000 kr.

Nafnverðseiningar: 20.000.000 kr.

Áður útgefin verðbréf í flokki: Ekki hafa áður verið gefin út verðbréf í sama flokki.

Heildarheimild til útgáfu í flokki: 1.000.000.000 kr. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

Grein 2.1. gildir um víxlana.

3 Útgáfuform

Grein 3 gildir um skuldaskjölin.

Verðbréfamiðstöð: Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Ísland, sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerna („verðbréfamiðstöð“).

4 Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna

Grein 4 gildir um skuldaskjölin.

5 Greiðsluform

Grein 5 gildir um vixlana.

6 Verðtrygging

Engin verðtrygging:

Skuldaskjölin eru óverðtryggð.

7 Vextir

Form vaxta: Vixlarnir eru vaxtalausir og gildir grein 7.1 um vixlana.

Dagaregla: Raun/360. Grein 7.4 Gildir um vixlana

Grein 7.5 gildir um skuldaskjölin.

8 Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: Höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann 5. júní 2024. Grein 8.1 gildir um vixlana.

9 Kröfur jafnréttáar (e. pari passu)

Grein 9 gildir um vixlana.

10 Staða í kröfuröð

Grein 10 gildir um vixlana.

11 Löggjöf um útgáfuna

Grein 11(b) gildir um vixlana.

12 Yfirlýsingar

Eftirfarandi stafliðir greinar 12 gilda um vixlana: A, B, C, D, E, F.

13 Upplýsingakvaðir

Grein 13 gildir ekki um vixlana.

14 Almennar kvaðir

Grein 14 gildir ekki um vixlana.

15 Fjárhagsleg skilyrði

Grein 15 gildir ekki um vixlana.

16 Vanefndartilvik

Grein 16.1 gildir um vixlana.

17 Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða

Grein 17.1 gildir um véxlana.

LOGOS slf., kt. 460100-2320, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík hefur verið skipaður óháður umboðsmaður kröfuhafa með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann 21. júlí 2023.

18 Önnur ákvæði

Heimild til kaupa eigin véxla: Grein 18.1 gildir um véxlana.

Upplýsingaöflun: Grein 18.2 gildir um véxlana.

Hlunnindi: Grein 18.3 gildir um véxlana.

Framsal: Grein 18.4 gildir um véxlana.

Skattaleg meðferð: Grein 18.5 gildir um véxlana.

Ágreiningsmál: Grein 18.6 gildir um véxlana.

19 Skilmálabreyting

Á ekki við.

20 Tryggingar og ábyrgðir

Grein 20 gildir um véxlana.

21 Sérstakar yfirlýsingar

Grein 21 gildir um véxlana.

22 Eigin bréf

Grein 22 gildir um véxlana.

Hluti II: Aðrar upplýsingar

1.	Skráning og taka til viðskipta	
	Skráning og taka til viðskipta:	Óskað verður eftir því að öll útgefin skuldaskjöl í flokknum IS0000035806 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt. Útgefandi mun óska eftir töku til viðskipta.
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	6. desember 2023
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Á ekki við.
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Fossar fjárfestingarbanki hf., kt. 660907-0250, hefur umsjón með sölu víxlanna og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.
2.	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfuna/útboðið	
	Upplýsingar um hagsmuni sem tengjast útgáfunni, þ.m.t. hugsanlega hagsmunaárekstra:	Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa fjárfestingabanka er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu víxlanna.
3.	Ástæður fyrir útboðinu, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðsins	
	Ástæða fyrir útboðinu:	Tilgangur útboðsins er að endurfjármagna núverandi skuldir félagsins og auka fjölbreytni fjármögnunar.
	Áætlaður heildarkostnaður:	2 m.kr.
	Áætlað nettósöluandvirði:	949 m.kr.
4.	Ávöxtunarkrafa	
	Upplýsingar um ávöxtunarkröfu:	10,55%. Ávöxtunarkrafa er reiknuð út frá gengi verðbréfanna.
5.	Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Á ekki við.
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Á ekki við.
6.	Heimild til útgáfu	
	Stjórn útgefanda hefur samþykkt útgáfuramma þann sem lýst er í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 28. júlí 2023. Skuldaskjölín sem þessir endanlegu skilmálar taka til voru gefnir út skv. heimild stjórnar þann 30. maí 2023. Verðbréfin hafa öll verið seld og eru að fullu greidd.	
7.	Auðkenni	
	ISIN númer:	IS0000035806
	Auðkenni:	SIMINN240605

	CFI númer útgáfu:	DYZUXR
	FISN númer útgáfu:	SIMINN/ZERO CPN B 20240605
8.	Upplýsingar frá þriðja aðila	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	Á ekki við.
9.	Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	Á ekki við.

Síminn hf.

1. desember 2023

Óskar Hauksson
Fjármálastjóri

Davíð B Scheving
Leiðtogi fjárstýringar